



UMHVERFIS
STOFNUN

Álafoss – Viðauki

Stjórnunar- og verndaráætlun

Mosfellsbær – Náttúruvætti - 2024





UMHVERFIS
STOFNUN



Heiti skýrslu Stjórnunar- og verndaráætlun - Álafsoss: viðbót
Útgáfunúmer UST-2024:11
Mánuður, ár Nóvember, 2024
Ritstjórar Ingibjörg M. Bjarnadóttir og René Biasone
Útgefandi Umhverfisstofnun
Forsíðumynd Ingibjörg M. Bjarnadóttir
Aðrar myndir Ingibjörg M. Bjarnadóttir

Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík
591 2000
ust@ust.is
ust.is



1

UMGJÖRÐ

Um áætlunina - 5

2

STAÐA, STEFNA OG LEIÐIR

Gróðurfar og verndargildi - 8

Ágengar framandi tegundir - 9

Aðkoma, aðgengi og þjónusta - 10

Fræðsla - 10

Um áætlunina

Stjórnunar- og verndaráætlanir friðlýstra svæða eru unnar í samræmi við 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og skulu þær endurskoðaðar eftir því sem tilefni er til.


Álafoss og nánasta umhverfi hans, ásamt Álanesskógi, var friðlýst sem náttúruvætti árið 2013 með auglýsingu nr. 461/2013. Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið tók gildi árið 2020 með auglýsingu nr. 1023/2020.

Kort af hinu friðlýsta svæði má sjá [hér](#).

Markmið með gerð viðauka við stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúruvættið Álafoss er að móta framtíðarsýn og stefnu fyrir verndun og uppbyggingu útivistarsvæðis í Álanesskógi sem liggur innan náttúruvættisins Álafoss.

Mosfellsbær stefnir á að gera Álanesskóg að útivistarskógi með áningarstöðum og trjákurlluðum stígum. Samkvæmt 2. mgr. 10. gr. auglýsingar um friðlýsingu Álafoss skulu framkvæmdir vera í samræmi við gildandi skipulagsáætlun og verndar- og stjórnunaráætlun. Í gildandi stjórnunar- og verndaráætlun, frá 2020, fyrir náttúruvættið er ekki fjallað sérstaklega um stöðu og stefnu í Álanesskógi. Viðauki þessi tekur því eingöngu til skógarins enda eru áform Mosfellsbæjar í samræmi við markmið friðlýsingar og leiðarljós stjórnunar- og verndaráætlunarinnar. Að öðru leiti vísast til gildandi áætlunar um náttúruvættið.

Viðaukinn við stjórnunar- og verndaráætlunina er unnin í samstarfi við Mosfellsbæ og að höfðu samráði við aðra hagsmunaaðila.



2.

Staða, stefna og leiðir

[Redacted text]

[Redacted text]

[Redacted text]

[Redacted text]

[Redacted text]

[Redacted text]

[Redacted text]

[Redacted text]

[Redacted text]

[Redacted text]

[Redacted text]

[Redacted text]

2. Staða, stefna og leiðir

Í þessum kafla verður leitast við að skilgreina markmið, útskýra framtíðarstefnu svæðisins og kortleggja aðgerðir sem framkvæma þarf á næstu árum.

Kaflinn er settur upp þannig að fyrst er fjallað um hver staðan er á ritunartíma stjórnunar- og verndaráætlunar og svo er dregin fram stefna og nauðsynlegar aðgerðir, þegar það á við, til að ná verndarmarkmiðum.

Varðandi stöðu og stefnu þess hluta friðlýsta svæðisins sem liggur utan skógarins vísast til gildandi stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir náttúruvættið.

Aðgerðaáætlun fylgir stjórnunar- og verndaráætluninni, og er uppfærð reglulega.



Gróðurfar og verndargildi

Upp úr 1930 hófst skógrækt í Álanesskógi við einn fyrsta sumarbústað í Mosfellssveit. Bústaðurinn brann á sjötta áratugnum en skógurinn stóð eftir. Sum trjáanna eru á meðal þeirra elstu í sveitarfélaginu.

Í skógarlundinum er alaskaösp beggja vegna malarstígs en ofan hans finnast fleiri trjátegundir, s.s. birki og reynir en einnig tegundir á borð við selju (líklega, annars eru mun fleiri erlendar víðitegundir þarna og fleiri gætu komið til greina), sitkagreni og silfurreyni. Mörg trjáanna eru gömul, rótarhnyðjur að losna og stofnar fúnir svo að sprotar vaxa úr stofnum og greinum. Lágvaxnari tegundir eins og heggur og rifsber vaxa inn á milli. Skógarbotninn er almennt vel gróinn en mest ber á tegundum eins og háliðagrasi, sigurskúfi, þistli, túnfífla og spánarkerfli sem myndar þetta og háa breiðu fyrir miðju skógar og skriðsóley. Fleiri tegundir finnast í skógarbotninum, s.s. mjaðjurt, brennisóley og maríustakkur en mýrastör vex þar einnig á ákveðnum svæðum, einkum í grennd við skurði en reiturinn er deigur á köflum. Á vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar er skógræktarreiturnar skráður sem fjalldrapamóavist, lyngmóavist á láglandi, grasmóavist og grasengjavist. Í raun ætti mestur hluti þess, jafnvel allur, að vera skráður sem skógrækt. Í jaðri skógræktar er land grösugt og blómríkt meðfram Varmá og á klettaholtum við ána er rýrt, mosaríkt graslandi.

Þarna er því um mjög manngert, grænt svæði í þéttbýli að ræða þar sem framandi tegundir eru mjög áberandi, bæði í skógarþekju, botngróðri og bakkagróðri Varmár. Verndargildi þess hvað tegundir varðar er því fremur takmarkað.

Stefna

Stefnt skal að því að skógurinn og skógarbotninn fái að þróast með náttúrulegum hætti.



Ágengar framandi tegundir


Neðan stígsins og nær Varmá er mjó landræma að hluta þakin trjám. Bakkar Varmár eru grösugir og blómríkir og runnar á stöku stað. Áberandi hávaxnar tegundir eru skógarkerfill, alaskalúpína og garðamariústakkur, allar framandi tegundir og teljast ágengar eða sýna vísbendingu um ágenga hegðun. Þar er einnig ætíhvönn og ýmsir víðirunnar. Fjallakornblóm vex á bökkum á stöku stað og engjamunablóm í farvegi Varmár, báðar framandi tegundir. Í raun telst drjúgur hluti æðplöntutegunda á svæðinu til framandi tegunda.

Stefna

Stefnt skal að upprætingu ágengra tegunda innan svæðisins.

Árlegar aðgerðir

Unnið skal að upprætingu ágengra tegunda innan svæðisins með viðeigandi hætti hverju sinni.



Aðkoma, aðgengi og þjónusta

Aðgengi að skóginum er að norðanverðu um uppbyggðan malarstíg sem er hluti af göngu- og hjólastígakerfi Mosfellsbæjar. Hægt er að komast inn á stíginn af bílastæði efst í Álafosskvos og er hann aðgengilegur hreyfihömluðum, þ.m.t. notendum hjólastóla. Einnig er hægt að komast í skógin eftir sama malarstíg að sunnanverðu.

Í skóginum hefur verið afmarkað hellulagt áningarsvæði með bekkjum. Enginn móttökustaður fyrir úrgang er innan friðlýsta svæðisins í Álanesskógi en sorptunna sem Mosfellsbær þjónustar er við ofangreint bílastæði.

Mosfellsbær fyrirhugar að gera skógin að útivistarskógi með þremur áningarstöðum sem eru tengdir með trjákurluðum stígum.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 40/2015 um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum og 1. mgr. 28. gr. náttúruverndarlaga er óheimilt að kveikja eld á víðavangi, á lóðum eða annars staðar utan dyra þar sem almannahætta getur stafað af eða hætt er umhverfi, gróðri, dýralífi eða mannvirkjum.

Stefna

Allar endurbætur og frekari uppbygging á svæðinu skulu falla vel að náttúru og umhverfi. Innviðir skulu stuðla að verndun svæðisins og gera móttöku og upplifun gesta sem heimsækja svæðið sem jákvæðasta.

Fræðsla

Upplýsingaskilti um helstu tegundir í skóginum er við göngustíginn í skóginum.

Þar sem friðlýsta svæðið er í göngufjarlægð frá grunnskólum og leikskólum Mosfellsbæjar og með gott aðgengi hentar það vel til útikennslu og náttúruskoðunar.

Stefna

Stefnt skal að því að hvetja leik- og grunnskóla Mosfellsbæjar til að nýta svæðið til útikennslu.



Aðgerðir

- Vinna skal kynningarefni um Álafoss til hvatningar fyrir grunnskóla Mosfellsbæjar að nýta svæðið til útikennslu.
- Setja skal upp skilti við mörk náttúruvættisins með upplýsingum um að svæðið sé friðlýst.
- Útbúa skal lítil fræðsluskilti um helstu gróðurtegundir skógarins til uppsetningar á vorin í skóginum. Skiltin skulu tekin niður að hausti.

ES

sfellssveit, um 1930.
miðjuna Frón, byggð
á 6. áratugnum en t
tu í sveitarfélaginu.





UMHVERFIS
STOFNUN